

Tillaga til 474. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021

Tillaga frá 557. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 8. apríl 2021, um að bæjarstjórn samþykki deiliskipulag fyrir Tjarnarreit á Þingeyri, skipulagsuppdrátt og greinargerð, dags. 23. október 2020, með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. apríl 2021. Málsmeðferð er í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og skulu gögn send, ásamt málsmeðferð, til Skipulagstofnunar, þegar gögn hafa verið lagfærð í samræmi við þessa samþykkt.

3. Tjarnarreitur Þingeyri - 2019060041

Tillaga deiliskipulags við Tjarnarreit á Þingeyri var auglýst frá 15. janúar og var athugasemdafrestur til 1. mars 2021. Ein athugasemd barst varðandi stækkun á Kirkjugarðinum frá sóknarnefnd Þingeyrarkirkju.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja deiliskipulag fyrir Tjarnarreit á Þingeyri, skipulagsuppdrátt og greinargerð dags. 23. október, 2020, með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. apríl 2021. Málsmeðferð er í samræmi við 41. gr. skipulagslaga 123/2010 og skulu gögn send, ásamt málsmeðferð, til Skipulagstofnunnar, þegar gögn hafa verið lagfærð í samræmi við þessa samþykkt.